

Alþingi
Erindi nr. P 139/1287
komudagur 11.2.2011

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 11. febrúar 2011

Efni: Frumvarp um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða 382. mál

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar og gera eftirfarandi athugasemdir við það:

Samtökin taka undir þörfina fyrir stofnun sjóðs til að viðhalda, vernda og byggja upp ferðamannastaði. Það eru þó skiptar skoðanir á því hverjir eigi að greiða í slíkan sjóð en um það er fjallað í nátengdu frumvarpi um farþegagjald og gistináttgjald sem samtökin munu gera athugasemdir við á réttum vettvangi.

Í 2. grein frumvarpsins er kveðið á um stjórn sjóðsins. Samtökin eru sátt við samsetningu stjórnar en leggur áherslu á að stjórnin hafi ekki of bundnar hendur. Það vekur furðu að gerður er greinarmunur á ferðamannastöðum í opinberri eigu og einkaeigu.


Samtökin hafa ekki aðrar athugasemdir við texta frumvarpsins sem slíks en í greinargerðinni eru nánari upplýsingar um fyrirkomulag á gjalddökunni og skil fjárins til sjóðsins og við það gera þau alvarlegar athugasemdir.

Það er skýlaus krafa Samtaka ferðaþjónustunnar að fé það sem fæst með gjalddöku hjá gististöðum og flugfélögum fari óskert í framkvæmdasjóðinn. Það er forsenda sáttar milli stjórnvalda og atvinnulífs í þessu máli. Það er mat samtakanna að með óbreyttum texta frumvarpanna muni 2/5 gjaldsins renna beint í ríkissjóð og þá verða markmið stjórnvalda um viðbótarfé til ferðamannastaða mjög ótrúverðug. Þar að auki er uppbygging gjaldsins í hinu nátengda frumvarpi allsendis óviðunandi, gjöldin eru of há, leggjast aðeins á hluta gististaða og kerfið alltof flókið en það verður nánar skýrt í umsögn um viðkomandi frumvarp.

Fulltrúar SAF óska eftir fundi með iðnaðarnefnd til að ræða þetta frumvarp.

Virðingarfyllst

f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar


Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri